- Hannesdóttir, ER, GM Gíslason & JS Ólafsson. 2012. *Life cycles of Eukiefferiella claripennis (Lundbeck 1898) and Eukiefferiella minor (Edwards 1929) (Diptera: Chironomidae) in spring-fed streams of different temperatures with reference to climate change.* Proceedings of the 18th International Symposium on Chironomidae. Fauna norvegica 31, 35-46.
- Hannesdóttir ER, Gíslason GM, Ólafsson JS, Ólafsson ÓP and O’Gorman EJ. 2013. *Increased stream productivity with warming supports higher trophic levels.* Advances in Ecological Research 48, 285-342.
- Hilmar J. Malmquist, Þórólfur Antonsson, Haraldur R. Ingvason, Finnur Ingimarsson and Fridthjofur Árnason. 2009. *Salmonid fish and warming of shallow Lake Ellidavatnin Southwest Iceland.* Verhandlungen International Vereinigung Limnology 30 (7), 1127-1132.
- O’Gorman, EJ, DE Pichler, G Adams, JP Benstead, H Cohen, N Craig, WF Cross, BOL Demars, N Friberg, GM Gíslason, R Guðmundsdóttir, A Hawczask, JM Hood, LN Hudson, L Johansson, M Johansson, JR Junker, A Laurila, JR Manson, E Mavromati, D Nelson, JS Ólafsson, DM Perkins, OL Petchey, M Plebani, DC Reuman, BC Rall R Stewart, MSA Thompson & G Woodward. 2012. *Impacts of warming on the structure and functioning of aquatic communities: Individual-to ecosystem-level responses.* Advances in Ecological Research 47, 81-176.
- Otero J, L’abée-Lund JH, Castro-Santos T, Leonardsson K, Storvik GO, Jonsson B, Dempson B, Russell IC, Jensen AJ, Baglinière JL, Dionne M, Armstrong JD, Romakkaniemi A, Letcher BH, Kocik JF, Erkinaro J, Poole R, Rogan G, Lundqvist H, Maclean JC, Jokikokko E, Arnekleiv JV, Kennedy RJ, Niemelä E, Caballero P, Music PA, Antonsson T, Gudjonsson S, Veselov AE, Lamberg A, Groom S, Taylor BH, Taberner M, Dillane M, Arnason F, Horton G, Hvidsten NA, Jonsson IR, Jonsson N, McKelvey S, Naesje TF, Skaala O, Smith GW, Saegrov H, Stenseth NC, Vøllestad LA. 2014. *Basin-scale phenology and effects of climate variability on global timing of initial seaward migration of Atlantic salmon (Salmo salar).* Glob Chang Biol. 20(1), 61-75.
- Woodward, Guy, Christensen, John B., Ólafsson, Jon S., Gíslason, Gisli M., Hannesdóttir, Elísabet R. and Friberg, Nikolai. 2010. *Sentinel systems on the razor’s edge: effects of warming on Arctic stream ecosystems.* Global Change Biology 16, 1979–1991.

Guðni Guðbergsson og Jónína Herdís Ólafsdóttir

C. Erfðafræði

Erfðabreytileiki fiskstofna (og stofna annarra lífvera), stofngerð og þróun þeirra almennt er háð mörgum samverkandi þáttum eins og landnámssögu, genaflæði, stökkbreytingum, hendingu (tilviljanakennt genaflökt milli kynslóða) og náttúruvals. Aðlögun lífvera að umhverfi sínu gerist með náttúruvali, þar sem mismunandi valkraftar, s.s. umhverfisþættir og samkeppni, hafa áhrif á hæfni einstaklinga með mismunandi svipgerðir (erfðabreytileika). Arfgengar svipgerðir geta birst í mismunandi lífeðlisfræðilegum ferlum, sem t.d. hafa áhrif á vaxtarhraða, göngutíma og sjávaraldur fiska, og í mismunandi formgerðum. Mikilvægi erfðabreytileika innan og milli stofna endurspeglast m.a. í lögum um fiskrækt, lögum um náttúruvernd og alþjóðasamningum eins og sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological diversity). Erfðarannsóknir tengjast beint og óbeint fræðasviðum eins og vistfræði, atferlisfræði og lífeðlisfræði.

Erfðarannsóknir Veiðimálastofnunar hafa einkum snúið að laxi. Rannsóknirnar hafa m.a. sýnt fram á stigveldi stofngerðar, þ.e. erfðamun milli landsvæða, milli áa og innan árkerfa (Daníelsdóttir o.fl. 1997; Guðmundsson o.fl. 2013; Olafsson o.fl. 2014). Í rannsókn Olafsson o.fl. (2014) var þróun stofngerðar jafnframt tengd við hopun ísaldarjökla og landnámssögu laxa. Veiðimálastofnun var þáttakandi í hinu stóra alþjóðlega Salsea-Merge þar sem hundruðir laxastofna við Norðaustur-Atlantshaf voru erfðagreindir. Niðurstöður verkefnisins sýndu meðal annars fram á sérstöðu íslenskra stofna, þ.e. mestur erfðamunur var milli íslenskra stofna og annarra stofna í Evrópu (Eysterasaltið undanskilið). Hluti af Salsea-Merge var könnun á uppruna laxa í meðafla makrílveiða við Ísland. Sýnt var að flestir laxar sem veiddust á Íslandsmiðum voru frá meginlandi Evrópu og Bretlandseyjum (Olafsson o.fl. 2015). Erfðarannsókn hefur jafnframt varpað ljósi á erfðablöndun milli eldislax og villts lax í Elliðaánum (Guðmundsson o.fl. 2013). Bleikja hefur minna verið rannsökuð á Veiðimálastofnun og urriði mun minna. Nefna má rannsókn þar sem nokkrir urriðastofnar á landinu voru erfðagreindir með allozyme erfðamörkum. Rannsóknin greindi erfðamun milli stofna og gaf vísbendingar um flokkun þeirra í tvo megin hópa (Daníelsdóttir o.fl. 1998). Ekki er útilokað að það tengist landnámssögu tegundarinnar. Hafin er viðamikil rannsókn á stofngerð urriða í Þingvallavatni og nágrenni. Veiðimálastofnun stýrir nú alþjóðlegu verkefni um þróunarsögu bleikju á öllu útbreiðslusvæði hennar (Gudjonsson 2014). Meðal þess sem verið er að kanna er skipting hennar í þróunarlínur og hvort greina megir hvarþættir undir náttúruvali (t.d. vegna hitastigs). Þær upplýsingar má mögulega nýta til að spá fyrir um áhrif loftslagsbreytinga á bleikjustofna. Einnig má nefna að hafin er rannsókn á erfðabreytileika sjóbleikju. Erfðarannsóknir Veiðimálastofnunar snúa ekki aðeins að laxfiskum. Meðal erfðarannsókna á öðrum tegundum sem Veiðimálastofnun hefur staðið fyrir eða tekið þátt í má nefna könnun á tegundablöndun ála (Albert o.fl. 2006), þróunarfræði hornsíla (Shapiro o.fl. 2004), uppruna sæsteinsuga (Pereira o.fl. 2012), fæðugreining landsela (DNA barcodes) og stofngerð landsela í Norður-Atlantshafi (verkefni í gangi).

Framtíðarsýn

Ef horft er á sögu erfðarannsókna má gera ráð fyrir að vægi þeirra munu aukast í nánustu framtíð. Raðgreiningartækni hefur fleygt fram síðustu ár og hefur kostnaður við erfðagreiningar lækkað. Rannsóknarsviðið er víðfeðmt og því nauðsynlegt að forgangsraða verkefnum með hliðsjón af upplýsingagildi og verðmætamati á hverjum tíma. Meðal áhugaverðra og mikilvægra verkefna má nefna 1) frekari greiningu á stofngerð og kanna hvaða umhverfisþættir hafa áhrif á stofnamyndun og dreifingu erfðabreytileika í tíma og rúmi, 2) kanna breytileika í útliti og lífsögu með hliðsjón af erfðum og umhverfi (greina náttúruval), 3) kanna sögulegar skýringar erfðahópa (sbr. hopun ísaldarjökla) og greina hvort munur sé á

útliti/lífsögu hópa, 4) greina uppruna erfðahópa og meta tíma landnáms, 5) kanna áhrif veiðinýtingar og/eða umhverfis á erfðafræðilega stofnstærð með greiningu tímaraða, 6) kanna uppruna fiska sem eru að nema land (t.d. lax á Vestfjörðum og í Jökulsá á Dal), 7) innleiða erfðagreiningu á stofnum sem eru í hættu vegna framkvæmda, 8) athuga fýsileika raðgreininga til þéttleikamats og útbreiðslu þörunga og smádýra. Hér er ekki lagt mat á mikilvægi verkefna og viðfangsefnin ekki bundin við lífveruhópa. Verkefnin sem hér eru nefnd eru sum hver umfangsmikil og því æskilegt að leita samstarfs við aðra rannsóknarhópa.

Mikil verðmæti eru fólgin í hreistursýnasafni Veiðimálastofnunar, ekki síst þar sem hreistur geymir erfðaefni sem nýta má til rannsókna. Vinna við skráningu hreistursýna er í vinnslu. Veiðimálastofnun á einnig mörg sýni sem safnað var til erfðarannsókna. Ekki er til heildstæð skrá yfir þau sýni og mörg ekki í vörslu Veiðimálastofnunar. Úr því þarf að bæta. Eins má hvetja til að sýnataka erfðasýna verði í meira mæli hluti af hefðbundinni sýnatöku. Í það minnsta þar sem fiski er fórnað eða veiðiuggi klipptur af eins og í gönguseiðamerkingum.

Ritlisti

Heimildir í texta

- Albert V, Jonsson B and L Bernatchez. 2006. Natural hybrids in Atlantic eels (Anguilla anguilla, A. rostrata): evidence for successful reproduction and fluctuating abundance in space and time. *Molecular Ecology* 15, 1903-1916.
- Daníelsdóttir AK, Guðlaugsdóttir, S and S Guðjónsson. 1998. Genetic variation in Icelandic brown population (Salmo trutta) populations. *ICES*. K, 20.
- Daníelsdóttir AK, Marteinsdóttir G, Árnason F and S Guðjónsson. 1997. Genetic structure of wild and reared Atlantic salmon (Salmo salar L.) populations in Iceland. *ICES Journal of Marine Science* 54, 986-997.
- Gudjonsson, S. 2014. Network 6: Arctic char: a species under threat and with great potentials in the age of climate change – NORDCHAR. In: Barua, S.K., Berg, P., Bruvoll, A., Cederberg, C., Drinkwater, K.F., Eide, A., Eythorsdottir, E., Guðjónsson, S., Gudmundsson, L.A., Gundersen, P., Hoel, A.H., Jarpe, J., Jørgensen, R.B., Kantanen, J., Kettunen-Präbel, A., Løvendahl, P., Meuwissen, T., Olesen, J.E., Portin, A.R., Odd, A., Stiansen, J.E., Strandberg, E. and Aamaas, B. *Climate change and primary industries: Impacts, adaptation and mitigation in the Nordic countries*. Nordic Council of Ministers. TemaNord 552, 192-196.
- Guðmundsson LA, Guðjónsson S, Marteinsdóttir G, Scarnecchia DL, Daníelsdóttir AK and C Pampoulie. 2013. Spatio-temporal effects of stray hatchery-reared Atlantic salmon Salmo salar on population genetic structure within a 21 km-long Icelandic river system. *Conservation Genetics* 14, 1217-1231.
- Olafsson K, Einarsson SM, Gilbey J, Pampoulie C, Hreggvidsson GO, Hjørleifsdóttir S and S Gudjonsson. 2015. Origin of Atlantic salmon (Salmo salar) at sea in Icelandic waters. *ICES J. Mar. Sci.* doi:10.1093/icesjms/fsv176.
- Olafsson K, Pampoulie C, Hjørleifsdóttir S, Gudjonsson S, and GO Hreggvidsson. 2014. Present-Day Genetic Structure of Atlantic Salmon (Salmo salar) in Icelandic Rivers and Ice-Cap Retreat Models. *PLoS ONE* 9(2): e86809.
- Pereira AM, Jonsson B, Johannsson M, Robalo JJ and VC Almada. 2012. Icelandic lampreys (Petromyzon marinus): where do they come from? *Ichthyological Research* 59, 83-85.
- Shapiro MD, Marks ME, Peichel CL, Blackman BK, Nereng KS, Jonsson B, Schluter D and DM Kingsley. 2004. Genetic and developmental basis of evolutionary pelvic reduction in threespine sticklebacks. *Nature* 428, 717-723.

Aðrar heimildir

- Chan YF, Marks ME, Jones FC, Villarreal G, Shapiro MD, Brady SD, Southwick AM et al. 2010. *Adaptive evolution of pelvic reduction in sticklebacks by recurrent deletion of a Pitx1 enhancer*. *Science* 327, 302-305.
- Jonsson B. 2002. *Parallel sympatric segregation in arctic charr and threespined stickleback in Lake Galtaból, Iceland*. *Fisheries Science* 68, 459-460.
- Karlsson S, Hagen M, Eriksen L, Hindar K, Jensen AJ, de Leaniz CG, Cotter D, Guðbergsson G, Kahilainen K, Guðjónsson S, Romakkaniemi A and N Ryman. 2013. *A genetic marker for the maternal identification of Atlantic salmon x brown trout hybrids*. *Conservation Genetic Resources* 5, 47-49.
- Olafsson K, Hjørleifsdóttir S, Pampoulie C, Hreggvidsson G, and S Gudjonsson. 2010. *Novel set of multiplex assays (SalPrint15) for efficient analysis of 15 microsatellite loci of contemporary samples of the Atlantic salmon (Salmo salar)*. *Molecular Ecology Resources* 10, 533-537.

Leó Alexander Guðmundsson, Jóhannes Guðbrandsson og Sigurður Guðjónsson

5. Þjónusturannsóknir

Þjónusturannsóknir eru stór hluti af starfsemi Veiðimálastofnunar og mikilvægi þeirra jafnt vísindaleg sem og fjárhagsleg. Til framtíðar er mikilvægt að þau tengsl sem þjónusturannsóknir hafa myndað milli Veiðimálastofnunar og hagsmunaraðila veiðiaudlindar ferksvatns haldist. Sérþekking á lífríki í vatni er að finna í mannaúði Veiðimálastofnunar og því mikilvægt er að sú þekking sé hagnýtt við stjórnun fiskveiða sem og við áhrifamat á framkvæmdum.

A. Þjónusturannsóknir: Tilgangur –staða og framtíðarsýn.

Skilgreina má þjónusturannsóknir og ráðgjafavinnu sem þá vinnu sem unnin er gegn gjaldi. Líklega var upphafið að þjónusturannsóknum Veiðimálastofnunar rannsóknir á Blöndu sem hófust 1982. Síðan þá hefur þessi hluti starfseminnar verið nokkuð fyrirferðarmikill. Að einhverju marki hefur þetta leitt til samdráttar í fjárframlögum og sú stefna að einhverju marki komin frá ráðuneyti með kröfu á öflun sértekna. Í kjölfar úrskurðar Samkeppniseftirlitsins var greint á milli þjónusturannsókna og annarrar starfsemi.

Veiðimálastofnun stundar ýmsar þjónusturannsóknir, bæði fyrir framkvæmdaaðila og veiðifélög. Auk þessa er ráðgjöf sinnt á ýmsum sviðum. Markmið flestra þjónusturannsókna er að afla þekkingar til að geta gefið sem besta ráðgjöf varðandi það verkefni sem unnið er með hverju sinni. Ljóst er að ráðgjöf getur ekki orðið betri en sú þekking sem hún byggir á. Þjónusturannsóknir tengjast grunnrannsóknum á þann hátt að þær nýtast til að efla almenna þekkingu á náttúrufari og lífríki. Eins nýtist sú þekking sem aflað er með grunnrannsóknum í ráðgjöf þjónusturannsókna. Hér á landi er umhverfi og umhverfisskilyrði mjög breytilegt. Þar sem svo háttar til er mikilvægt að hafa markvisst rannsóknarstarf á þeim sviðum sem snúa að nýtingu, verndun og viðhaldi fiskstofna og lífríkis í fersku vatni. Ef upplýsingar liggja fyrir um framkvæmdir ásamt þekkingu á lífríki á áhrifasvæði framkvæmda greiðir það fyrir mati á mögulegum áhrifum.

Viðamestu þjónustuverkefni VMST tengjast stórfamkvæmdum í og við vatn og eru virkjunaraðilar fyrirferðarmestir. Í mörgum tilfellum er leitað til VMST sem í upphafi skilgreinir verk, gerir verklýsingu og síðan mat á kostnaði/tilboð. Á þessu sviði starfa jafnframt fleiri aðilar, einkaaðilar, verkfræðistofur, hálfopinberar stofnanir og Háskólar. Verkkaupar leita oftast tilboða frá fleiri aðilum. Þar ráða oft upphæðir en sjaldnar fylgir mat á hæfni og getu aðila til að annast viðkomandi verkefni en slíkt er algengt í t.d. verkfræði.

Þjónusta við veiðifélög byggir í mörgum tilfellum á langri sögulegri hefð. Í flestum tilfellum er markmið þjónusturannsókna fyrir veiðifélög að auka þekkingu á ástandi fiskstofna sem nýtist við ráðgjöf varðandi veiðinýtingu og fiskrækt. Vöktun á ástandi fiskstofna er liður í því að uppfylla skyldur veiðifélaga um sjálfbæra nýtingu þeirra og er leitast við að tryggja hámarksframleiðslu hvern ár með tilliti til fjölda afkomenda eftir hvert foreldri fiska. Vöktun á þéttleika og árgangaskiptingu seiða er gerð árlega í mörgum ám í góðri samvinnu við og að beiðni fjölda veiðifélaga. Þá eru víða reknir fiskteljarar sem stofnunin þjónustar.

Veiðimálastofnun hefur einnig unnið að merkingum fiska. Að fjölda til er það mest um gönguseiði að ræða þar sem tilgangurinn er að meta afföll og endurheimtur mismunandi hópa eða staða. Gögn sem safnað er í veiðiskráningu eru afar mikilvæg þegar kemur að ráðgjöf í veiðinýtingu. Víða eru til mjög góð langtíma gögn um veiði, bæði í ám og vötnum. Vöktun fiskstofna í ám og vötnum hefur skilað grundvallarupplýsingum um fiskstofnana, framleiðslu þeirra og samspil umhverfis og fiskframleiðslu. Mörg veiðifélög líta einnig svo á að þekking á

stöðu stofna sé mikilvægur liður fyrir markaðssetningu á veiði en sífellt fleiri veiðimenn vilja vita um ástand stofna og að áhrif veiða þeirra hafi ekki merkjanleg áhrif á stofnstærðir og samsetningu stofna. Veiðifélög hafa í auknum mæli leitað til Veiðimálastofnunar um mat á búsvæðum í ám og samantekt gagna fyrir gerð arðskrár, en á því er m.a. byggt við skiptingu kostnaðar og útteilingu arðs af veiðinýtingu.

Margar af þeim gagnaröðum sem til eru á VMST eru tilkomin sem afurðir þjónusturannsókna sem staðið hafa um langan tíma og hafa í mörgum tilfellum leitt til aukningar þekkingar.

Verkefni sem unnin eru fyrir veiðifélög eru nokkuð mörg og fæst þeirra stór. Í allmörgum tilfellum byggja þjónusturannsóknir til veiðifélaga á þjónustusamningum þar sem tilgreind er þörf og kostnaður til lengri tíma. Slíkir samningar draga úr rekstrarlegri óvissu. Sem dæmi var slíkur samningur gerður við nokkur veiðifélög á NA-landi á síðasta ári. Markmið hans var að samþætta rannsóknir og bæta yfirlit yfir ástand fiskstofna í þeim landshluta.

Á árinu 2015 námu sértekjur Veiðimálastofnunar alls 131,7 millj. meðan ríkisframlag var 115,2 millj. Af tekjum voru þjónusturannsóknir 67,6 milljónir, styrkir 56,9 milljónir og aðrar tekjur 7,2 milljónir. Þessi liður í starfseminni er því talsvert stór. Ljóst er að þjónusturannsóknir hafa áhrif á starfsemina og allmargir starfsmenn byggja afkomu sína á þjónustuverkefnum. Rekstrarleg óvissa felst í því að verkefni eru mismikil á milli ára sem kallar á mismikla mannaflapörf. Langstærsti hluti skýrslna í ritröð VMST eru samantekt gagna úr þjónusturannsóknum (Tafla 11). Einn viðamesti þátturinn í smáum þjónustuverkefnum er úrvinnsla gagna og skýrsluskrif. Eðlilega vilja verkkaupar fá sínar afurðir í skýrsluformi en erfiðlega getur verið að fá þá til að greiða fyrir þá vinnu. Einföldun skýrsluvinnu á við í sumum tilfellum sem þó eru undantekningar.

Tafla 11. Yfirlit yfir birtingar og kynningar starfsmanna Veiðimálastofnunar fyrir árin 2005-2014.

	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005
Ritrýndar greinar	5	7	10	7	9	8	2	0	7	5
Skýrslur VMST	54	50	46	58	45	54	41	40	41	49
Aðrar skýrslur	5	3	4	1	2	2	2	3	2	4
Annað ritað efni	3	1	1	18	13	10	14	21	13	8
Fyrirlestrar	31	29	23	44	38	30	28	29	19	11
Veggspjöld	5	8	0	3	7	10	8	5	11	2
Nemendaverkefni	1	2	1	2	7	0	1	2	2	7
Skilagreinar	10	18	8	6	2	8	11	16		

Framtíðarsýn

Við núverandi aðstæður eru líkur til að áfram verði þörf fyrir þjónusturannsóknir. Verkefnið eru fremur mörg og smá og þar með getur verið um brothætta starfsemi að ræða. Ef dregið verður úr þjónustuverkefnum án þess að svigrúm með fjárframlögum komi á móti er líklegt að tengsl við veiðiauðlind ferskvatnsfiska og þá sem nýta hana muni víða rofna og þar með hluti þeirra gagnaraða sem nýtast til langtímagagnasöfnunar og vöktunar á náttúrufari. Aðkoma hálfopinberra aðila og Háskóla að þessu sviði flækir þessi mál einnig. Ein af röksemdum á starfrækslu starfsstöðva á landsbyggðinni hefur verið nálægð við viðkomandi svæði. Slíkt hefur leitt til sérhæfingar vaðandi þekkingu á ákveðnum svæðum sem getur verið mikilvægt. Eins og staðan er nú er ekki víst að fyrir liggi grundvöllur til að þjónusturannsóknir geti staðið einar og sér sem rekstrareining öðruvísi en með breyttum formerkjum. Til að svo megi vera þarf að vera fast hryggjarstykki sem önnur þjónusta geti tengst við. Þar yrðu varla til staðar skyldur til að hafa samfellu í rannsóknum eða safna og varðveita heildstæðar gagnaraðir.

Guðni Guðbergsson og Magnús Jóhannsson

B. Rannsóknir vegna röskunar á umhverfi

Mannfjölguð hefur leitt af sér iðnvæðingu, breytingu á landbúnaðarháttum og þéttbýli sem hefur víða valdið stórfelldum breytingum á umhverfinu. Straum- og stöðuvötn hafa orðið fyrir margvíslegum neikvæðum áhrifum, t.d. á vatnsgæði, rennsli, botngerð, hitastig og efnasamsetningu. Áhrifin á vatnalífverur eru mikil og vistkerfi vatna eru þau vistkerfi sem hafa raskast einna mest vegna ágangs manna. Á undanförunum árum hefur mikið verið lagt í að endurheimta töpuð vistgæði. Ástandið á Íslandi er líklega á heildina lítið mun betra en víða annarsstaðar og strjálbýli ræður þar mestu um. Augljósustu neikvæðu áhrifin á ferskvatnsvistkerfin hérlandis eru virkjanir, malartekja og þveranir. Mjög lítið hefur verið gert af því að endurheimta töpuð vistkerfi í straum- og stöðuvötnum en mun meira í endurheimt votlendis (sjá heimildalista).

Virkjanir

Veiðimálastofnun hefur komið að rannsóknum á lífríkisáhrifum fjölmargra virkjana. Síðan lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi árið 2000, eru þessar virkjanir a.m.k. 30 talsins (tafla 12). Mikil reynsla og þekking er því á stofnuninni hvað varðar rannsóknir og mat á áhrifum virkjana framkvæmda á ár og vötn. Nauðsynleg hönnunargögn þurfa að liggja fyrir frá virkjunaraðila til þess að hægt sé að rannsaka möguleg áhrif framkvæmda. Hönnun á grunneiningum virkjunar þarf að liggja fyrir, s.s. staðsetning og stærð uppistöðu- og miðlunarlóna, stífluhönnun, staðsetning hjárennslis og stöðvarhúss og staðsetning veituskurða. Einnig gögn um rekstrarfyrirkomulag virkjunar að framkvæmdum loknum, s.s. virkjað rennsli á ársgrunni, vatnsmiðlun, vatnsborðssveiflur og sem ítarlegust gögn um áhrif fyrirvaralausar útleysingar rafala á rennsli neðan virkjunar. Skoða þarf sérstaklega svæði þar sem skert rennsli mun verða og framkvæma mat á stærðargráðu búsvæðaskerðingar vegna þess. Afla þarf upplýsinga um lögun farvegar í því sambandi og getur reynst nauðsynlegt að framkvæma sniðmælingar með tilheyrandi straumhraðamælingum. Afla þarf ítarlegra gagna um veiðinytjar, séu þau ekki fyrirbyggjandi þarf að skoða hvort kunni að liggja fyrir óskráðar heimildir hjá heimamönnum. Þegar áætlun er gerð þarf að taka afstöðu til hvort allt vatnsfallið sé skilgreint sem áhrifasvæði á vatnalíf. Fyrir því geta legið margvísleg rök m.a. að stíflur, uppistöðulón og farvegir með skert rennsli raski næringarefnabúskap, samfellu og breyttum setflutningum. Skipta má áhrifasvæðinu í tvennt, þar sem um ræðir *næráhrif* og *fjaráhrif*. Næráhrif ná til þess reits þar sem inntak, útfall og miðlunarlón ásamt stíflu og hjárás liggja. Fjaráhrif ná síðan til vatnsfallsins alls, a.m.k. alls farvegar neðan virkjunar og í þeim tilvikum þar sem far fiska raskast ná fjaráhrifin upp fyrir virkjunarstíflu og inn að fyrstu náttúrulegu hindrun á fiskfari.

Veiðimálastofnun hefur þá meginreglu að gera rannsókn á útbreiðslu fiskstofna í vatnsfallinu sem virkja á. Í mörgum tilfellum er gert búsvæðamat fyrir laxfiskaseiði. Á síðustu árum hafa í vaxandi mæli verið gerðar rannsóknir á frumframleiðslu og samsetningu og framleiðslu hryggleysingja, enda liggja fyrir því veigamikil rök. Miðað er við að rannsóknastöðvar séu staðsettar innan reits næráhrifa og viðmiðunarstöðvar teknar utan þess reits. Hafa skal í huga að litlar virkjanir geta haft veruleg áhrif á vatnalíf ekki síður en þær sem eru stórar. Árið 2015 komu út skýrslur um rannsóknir og áhrifamat mögulegra virkjana í Stóru-Laxá (Magnús Jóhannsson o.fl.), Skjálfafljóti (Benóný Jónsson og Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir), Svartá í Bárðardal (Benóný Jónsson o.fl.) og Tungufljóti í Biskupstungum (Magnús Jóhannsson o.fl.).

Tafla 12. Virkjanaframkvæmdir þar sem Veiðimálastofnun hefur komið að rannsóknum og að mati á áhrifum á lífríki í vatni eftir gildistöku laga um mat á umhverfisáhrifum árið 2000.

Umsögn árið	-Virkjun	Vatnsfall	Aðkoma Vmst í ferli	Þarðufuðvirkjun	Rennslisvirkjun	Miðlun	Búsvæði	Búsvæðamat	Þörungur	Hryggleysingar	Fiskur	Far fiska	Vöktun
01	Hvamms	Þjórsá	Umhv.mat	1				1		1	1	1	
01	Holta	Þjórsá	Umhv.mat	1				1		1	1	1	
01	Urriðafoss	Þjórsá	Umhv.mat	1				1		1	1	1	
01	Vatnsfell	Þjórsá	Umsögn			1							
01	Fljótisdals	Jökulsá á Dal, Lagarfljót	Umhv.mat			1				1	1		
01	Villinganes	Héraðsv; Austari Jökulsá	Umhv.mat					1			1		
02	Grímsár	Grímsá	Mat á áhrifum		1		1				1		
03	Múla	Straumfjarðará	Matskylda			1				1	1		1
05	Ljósár	Ljósá	Matskylda		1		1				1		
06	Brúarár	Brúará	Matskylda		1		1			1	1		
07	Hverahlíðar	Hengladalsá	Athugasemdir	1									
07	Bitru	Ölfusvatnsá/Henglad.á	Athugasemdir	1									
07	Þeistareykja	Ónefndir heitir lækir	Athugasemdir	1									
08	Svelgsár	Svelgsá	Matskylda		1		1				1		
10	Búðarháls	Þjórsá	Umhv.mat		1		1			1	1	1	
10	Hólmsár	Hólmsá	Rammi			1	1	1		1	1		
11	Selfoss	Ölfusá	Rammi		1						1		
11	Buga	Leirá	Umsögn		1		1				1		
12	Búlands	Skaftá	Rammi/umhv.mat			1	1	1	1	1	1		
13	Þverár	Heiðarár-Þverárvirkjun	Áhrifamat		1						1		
13	Fossár	Langá og Fossá	Umsögn		1		1		1		1		
14	Hagavatns	Farið	Rammi			1							
14	Kolku	Veituleið 1	Umhv.mat		1						1		
14	Friðmundar	Veituleið 2	Umhv.mat		1						1		
14	Þramar	Veituleið 3	Umhv.mat		1						1		
15	Búrfell II	Þjórsá	Umhv.mat			1	1				1		
15	S-Laxár	Stóra-Laxá	Rammi			1	1	1	1	1	1		
15	Brúar	Tungufljót	Umhv.mat		1		1	1	1	1	1		
15	Hrafnabj.A	Skjálfandafljót	Rammi			1	1				1		
15	Hrafnabj.B	Skjálfandafljót	Rammi			1	1				1		
15	Hrafnabj.C	Skjálfandafljót	Rammi			1	1				1		
15	Fljótshnjúk	Skjálfandafljót	Rammi			1	1				1		
15	Svartár	Svartá	Áhrifamat		1			1	1	1	1		

Efnisnám, bakkavarnir og þveranir vatnsfalla

Stór hluti óska um umsagnir sem berast Veiðimálastofnun varða hvers konar framkvæmdir við ár og vötn. Þar bera hæst umsagnir um efnisnám í eða við vatnsföll og þveranir vatnsfalla. Mjög er sótt í að taka efni (möl) til ýmissa framkvæmda úr ám og oftast er um að ræða efni til vegargerðar. Efnisnám úr vatnsföllum getur haft ýmsar afleiðingar fyrir lífríki þeirra. Helst er að nefna áhrif á botngerð og straumhraða og geta áhrifin náð langt út fyrir efnistökuð vegna tilflutnings efnis og óstöðugleika botnsins. Á efnistökuð verður minna skjól fyrir stærri dýr og frumframleiðsla minnkar en ofan hans er hætta á að straumur verði of stríður og botn of grófgerður fyrir seiði. Samfara botnskriði verður til óstöðugleiki sem hefur áhrif á lífsskilyrði. Ef áin nær í efnistökuð nærri farvegi gerist fyrr eða síðar að áhrif verða þau sömu og að framan er lýst auk þess að farvegur árinna breytist og sá gamli fer á þurrt. Aur rótast upp þegar grafið er í ár og getur kæft botngróður og hrogn sem grafin eru í möl neðan framkvæmdasvæðis. Upplýsingar um umfang malartekju úr ám eru takmarkaðar. Lausleg könnun á umfangi fór fram fyrir tímabilið 2002-2008 og var þá vitað um 80 vatnsföll þar sem möl hafði verið tekin úr. Veiðimálastofnun hefur á síðari árum lagt áherslu á það í sínum umsögnum að koma sem mestu af malarnámi upp úr ánum enda er það oft á tíðum fullt eins góður kostur fyrir framkvæmdaraðilann. Varðandi þveranir vatnsfalla er oftast um að ræða rafstrengi, ljósleiðara, vatnsleiðslur eða hitaveitulagnir og brúagerð. Lagnir eru ýmist grafnar eða plægðar í botnlagið en í sumum tilfellum þarf það ekki. Helstu áhrifin eru tímabundin röskun á árbotninum meðan á framkvæmdum stendur. Brúargerð hefur varanlegri áhrif á vatnsföll. Í mörgum tilfellum er um að ræða endurnýjun brúa yfir smærri ár eða læki og er

Vegagerðin oftast framkvæmdaraðili. Mjög hefur verið sótt í að setja röraræsi í stað stein- eða trébrúa. Við það þrengist farvegurinn, straumur verður stríðari, vatnsdýpi minnkar og í sumum tilfellum er þannig gengið frá að fall er úr ræsi. Mörg dæmi eru um að ræsagerð hafi skapað ófiskgengi upp um ræsið, jafnvel fyrir stóran fisk. Slíkar hindranir geta lokað fyrir aðgengi að uppeldissvæðum ofan við ræsi til uppeldis fiska. Oft er um að ræða fiska úr sjógengnum stofnum. Á 10. áratug síðustu aldar var gerð könnun á áhrifum brúa- og ræsagerðar á ferðir ferskvatnsfiska og búsvæði þeirra. Alls voru 62 þveranir (ræsi, brýr og stokkar) skoðaðar í 37 vatnsföllum á norðvestanverðu landinu, þar af hýstu 32 fisk. Nær engin vandamál virtust hafa skapast fyrir far fiska um brýr, en 40% ræsa hindruðu far fullorðinna laxfiska og 83% ferðir laxfiskaseiða og annarra tegunda en laxfiska. Algengasta ástæða þess að fullorðnir laxfiskar komust ekki um ræsi var of lítil meðaldýpt í ræsum (36%) og meðalstraumhraði hindraði laxfiskaseiði og aðrar tegundir í 54% ræsa. Of há fallhæð og grjót við útfall voru næst algengustu ástæðurnar hjá báðum aldursflokkum. Bakkavarnir, í þeim tilgangi að stöðva landbrot vatnsfalla, hafa í auknum mæli ratað inn á borð Veiðimálastofnunar. Í flestum tilfellum er það Landgræðslan sem á í hlut. Ljóst er að bakkavarnir hafa áhrif á lífríki vatnsfalla og ekki sama hvernig að þeim er staðið. Vatnsföll hafa eðli til þess að breyta um farveg, einkum jökulvötn og dragár, sem eru óstöðugar í rennsli. Bakkavarnir eru vandasamt verk og þarf að huga að heildstæðum framkvæmdum í viðkomandi vatnsfalli til að þær skili árangri. Því miður er svo í fæstum tilfellum.

Á árinu 2015 bárust Veiðimálastofnun óskir um umsagnir í 13 efnistöðumálum, 10 þverunum vatnsfalla vegna lagna, 6 vegna ræsa- og brúagerðar og 6 vegna bakkavarna.

Í umsögnum stofnunarinnar er byggt á þeirri þekkingu sem til staðar er á stofnuninni, í sumum tilfellum er lífríki og staðhættir þekktir frá fyrri rannsóknum en í mörgum tilfellum er farið á vettvang, staðhættir skoðaðir og gerðar rannsóknir ef þurfa þykir.

Lög og reglur

Helstu lög sem taka til framkvæmda í og við ár eru skipulags- og byggingarlög (nr. 73, 1997), lög um lax- og silungsveiði (nr. 61, 2006) og lög um um náttúruvernd (nr. 60, 2013). Í síðasttöldu lögunum er ákvæði um eldri námur þrengt verulega frá 1. júlí 2008 og öll slík ákvæði féllu úr gildi 1. júlí 2012. Megin inntak ofangreindra laga er að óheimilt er að taka efni úr ám nema fengið sé framkvæmdaleyfi frá viðkomandi sveitarstjórn og leyfi frá Fiskistofu. Í 33. gr laga um lax- og silungsveiði eru svohljóðandi ákvæði: „*Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu*“. Lögin fela því í sér að ekki skuli raska botni veiðivatna eða landi 100 m frá þeim án heimildar Fiskistofu.

Endurheimt vatnavistkerfa og votlendis

Dæmi um endurheimt tapaðra vatnavistkerfa í straum og stöðuvötnum eru fá.

Veiðimálastofnun hefur komið að a.m.k. tveimur slíkum verkefnum; endurheimt tapaðra búsvæða laxfiska í Elliðaáam (Þórólfur Antonsson og Friðþjófur Árnason 2011) og endurheimt Kolviðarnesvatns (Ragnhildur Magnúsdóttir o.fl. óbirt skýrsla). Nokkur vinna hefur verið lögð í endurheimt votlendis en Veiðimálastofnun hefur komið takmarkað að þeim málum. Votlendi er á mörkum vatns og lands og getur haft mikla þýðingu fyrir aðlæg vistkerfi.

Vegna innleiðingar Vatnatilskipunnar EU var mikil vinna lögð í að kortleggja núverandi ástand vatns á Íslandi (stöðuskýrslur). Sú þekking er nauðsynleg til að geta metið hvort og hvar þörf er á að endurheimta töpuð vistkerfi. Gagnasöfn sem Veiðimálastofnun heldur utan um voru, og verða, grunngögn fyrir vinnu við kortlagningu á ástandi vatnavistkerfa á Íslandi.

Mikilvægt er að vinnu við vatnatilskipun verði haldið áfram undir stjórn Veiðimálastofnunar. Mikilvægt er að Veiðimálastofnun komi að vinnu vegna endurheimt votlendis vegna mikilvægi þess fyrir lífverur og efnabúskap í aðliggjandi vatnsföllum.



3. mynd. Framræst votlendi í Flóa, Þjórsárós í baksýn. Vatnsborð hefur lækkað og tjarnir og vötn hafa látið á sjá

Mengun

Mengun ferskvatns telst vera hvers konar íblöndun efna (ekki þó seltu) sem gerir vatnið óhæft til hvers konar notkunar og neyslu lífvera. Mengunarefni hafa bein áhrif á ferskvatn, valda m.a. lökkun súrefnisinnihalds og breyta sýrustigi þess. Dæmi um mengunarefni eru næringarefni (fosfór og köfnunarefni), málmar (t.d. kadmín, blý og kvikasilfur), skordýraeitur, olía og hreinsiefni. Mengun getur verið viðverandi vegna einhversrar starfsemi en einnig orðið vegna slysa t.d. þegar mengunarefni eða jafnvel framandi lífverur (erfðamengun) sleppa út í umhverfið. Veiðimálastofnun hefur ekki mikið rannsakað mengun ferskvatns, en þó eru dæmi um rannsóknir sem gerðar hafa verið í kjölfar mengunarslysa, t.d. þegar klórleki varð frá sundlauginni í Hveragerði árið 2008 (Magnús Jóhannsson o.fl. 2008).

Framtíðarsýn

Festa þarf í lög að við hverskonar framkvæmdir í og við ár og vötn þurfi að framkvæma áhrifamat á lífríki. Auka þarf kröfur á orkufyrirtæki að þau greiði fyrir vöktun lífríkis og það sé hluti rekstrarkostnaðar virkjana. Dæmi eru um að orkufyrirtæki hagi virkjunarframkvæmd öðruvísi en áætlanir höfðu sagt fyrir um, því þarf að auka eftirfylgni og að eftirlit verði skilvirk.

Við mat á áhrifum efnisnáms og þverana vatnsfalla er stuðst við þá þekkingu sem til staðar er á stofnuninni og í rituðum heimildum um það efni. Ein rannsókn hefur farið fram á áhrifum ræsa- og brúagerðar á fisk en gera þarf fleiri sértækar rannsóknir í íslenskum vatnsföllum sem taka til áhrifa af framkvæmdum efnisnámi, þverunum og bakkavörnum og hvernig best sé að standa að þeim.

Ritlisti

- Benóný Jónsson og Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir. 2015. *Fiskrannsóknir í Skjálfafljóti 2015*. Möguleg áhrif virkjana. Skýrsla Veiðimálastofnunar og LV, VMST/15030; LV-2015-150, 51 bls.
- Benóný Jónsson, Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir, Sigurður Óskar Helgason og Jón S. Ólafsson. 2015. *Vatnalíf Svartár í Þingeyjarsýslu og mat á áhrifum vatnsaflsvirkjunar*. Veiðimálastofnun, VMST/15001, 47 bls.
- Daníel Bergmann. 2006. *Endurheimt votlendis 1996-2006*. Skýrsla Votlendisnefndar. Landbúnaðarráðuneytið.
- Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason. 2005. *Áhrif brúa- og ræsagerðar á ferðir ferskvatnsfiska og búsvæði þeirra*. Veiðimálastofnun VMST-N/0503, 101 bls.
- Halla Margrét Jóhannesdóttir og Magnús Jóhannsson. 2014. *Smávirðjanir og áhrif þeirra á lífríki í vatni*. VMST/15014, 40 bls.
- Ólafsson, Jón S. 1998. *Íslensk Votlendi – verndun og nýting*. Háskólaútgáfan.
- Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson, Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir og Jón S. Ólafsson. 2015. *Stóra-Laxá í Hreppum: Vatnalíf, veiðinytjar og virkjun*. Veiðimálastofnun og LV, VMST/15011; LV-2015-128, 81 bls.
- Magnús Jóhannsson, Tryggvi Þórðarson og Benóný Jónsson. 2008. *Klórslýs í Varmá í Ölfusi í nóvember 2007 og áhrif þess á fisk*. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST/08002, 26 bls.
- Námur. *Efnistaka og frágangur*. 2002. Leiðbeiningarit útgefið af Veiðimálastofnun o.fl. stofnunum. Embætti Veiðimálastjóra.
- Náttúruverndarráð. 1995. *Námur á Íslandi*. Fjölrit Náttúruverndarráðs.
- Þórólfur Antonsson, Sigurður Guðjónsson, Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson, Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Sigurður Már Einarsson. 2008. *Malartekja úr ám*. Veiðimálastofnun. Fræðaðing landbúnaðarins.
- Af veraldarvefnum: www.namur.is

Benóný Jónsson, Magnús Jóhannsson og Friðbjófur Árnason

6. Gagnagrunnar (rafræn gögn, hreistursýni, smádýrasýni ofl)

Allt starf Veðimálastofnunar byggist á söfnun gagna. Geymsla þeirra og aðgangur er því óumflýjanlega einn mikilvægasti þáttur Veðimálastofnunar. Tryggja þarf varðveislu, og viðhald gagna í eigu Veðimálastofnunar til framtíðar.

Hver er tilgangur gagnagrunna?

Gagnagrunnar eiga að varðveita gögn og skapa yfirsýn um hvaða gögn eru til, þ.e. auðvelda aðgengi að þeim og þar með auka líkur á nýjum notum og/eða samtengingu gagna. Gögn í samræmdum gagnagrunni skila auknum verðmætum og vinnuhagræðingu.

Yfirlit um hvaða gagnagrunnar eru til hjá Veðimálastofnun

Mikið af gögnum hefur verið safnað hjá Veðimálastofnun í gegnum tíðina og gagnasafnið nokkuð fjölbreytt að gerð (tafla 13).

Tafla 13. Helstu gagnasöfn Veðimálastofnunar 2016 auk upplýsinga um hvar gögnin eru geymd

Gagnasafn	Yfirlitsskrá	Umfang/ magn	Sameiginl. Gagnagrunnur	Hvar vistað
Búsvæðamat	Já ⁽¹⁾	u.þ.b. 40 vatnsf.	Nei	(H:)
DNA sýni	Já	?	Nei	Matís
Feltbækur	Nei	frá 1976	Já	(G:)
Fiskvegir	Já ⁽¹⁾	u.þ.b. 80	Nei	(H:)
Hitagögn	Nei	?	Já	(G:)
Hreisturmyndir	Já	23.850	Já	(G:)
Hreistursýni	í vinnslu	?	Já ⁽²⁾	(G:)/(H:)
Leiðnimælingar	Já ⁽¹⁾	?	Nei	(H:)
Myndir	Nei	?	Nei	(S:)/(G:)/(H:)
Seiðagögn	Nei	?	Já ⁽²⁾	(G:)/(H:)
Skýrslur VMST	Nei	frá 1948	Já	www.veidimal.is
Smádýra- og þörungasýni	í vinnslu	?	Nei	(S:) og (H:)
Stangveiði	Já	frá 1974	Já	www.java.fiskistofa.is
Teikni- og kortagrunnur	Nei	?	Já ⁽²⁾	(G:)/(H:)
Teljaragögn	Nei	?	Já	(G:)
Umsagnir	Nei	frá 2002	Já ⁽³⁾	(G:)/(H:)
Veðistaðaskrá	Nei	?	Nei	(H:)
Örmerkjaskrá	?	?	Já	(G:) og Fiskistofa

⁽¹⁾ Óformleg samantekt

⁽²⁾ Aðeins hluti gagna í sameiginlegum grunni


⁽³⁾ Eldri gögn til á pappír hjá VMST

Ýmis eldri gögn eru til frá Þóri Guðjónssyni sem liggja í skjalaskápum í geymslu VMST. Tryggja þarf að gögnin skaðist ekki og þeim komið á rafrænt form. Talsvert er til af eldri umsögnum geymdar á pappír sem þarf að skanna. Þó svo að gögn starfsmanna séu geymd í öruggu skjóli á S eða H drifi þá er aðgengi og yfirsýn mjög ábótavant fyrir aðra starfsmenn (tafla 13). Þau gögn sem ekki eru skráð í skipulegan gagnagrunn eru lítt sýnileg og geta auðveldlega glatast, ýmist með tímanum eða starfsmannaskiptum. Tryggja þarf varðveislu sýna (s.s. hreistursýni, smádýrasýni o. fl.).

Hver eru næstu skref í uppbyggingu þeirra - framtíðarsýn

Skilgreina þarf starf við stofnunina með umsjón gagna í huga (ekki er nóg að setja það í hendur hvers og eins starfsmanns að koma sínum gögnum í sameiginlegan grunn). Leggja þarf áherslu á að gera yfirlitsskrár yfir gagnasöfn svo umfang þeirra sé ljóst (4. og 5. mynd)

og í framhaldinu að forgangsraða og marka stefnu í uppbyggingu gagnagrunns. Byggja þarf upp samræmdar skrár þar sem þess gerist þörf (sbr. seiðagrunninn). Óskastaðan væri sérstakur gagnagrunnur ætlaður öllum gögnum úr rannsóknum VMST. Tryggja þarf að frágangur og varðveisla sýna sé með öruggum hætti og að geymslur henti sem slíkar. Huga þarf að aðgengi og birtingarmynd gagna gagnvart notendum utan stofnunar. Á heimasíðu mætti vera flípi með skrá/yfirliti um hvaða VMST-skýrslur eru til, t.d. eftir árum (samskonar og sett er fram í Ársskýrslu VMST).



4. mynd. Myndræn framsetning lýsigagna

	A	B	AE	AF	AG	AH	AI	AJ	AK
1	Raðnr.	Heiti	2012	2013	2014	2015	2016	Fjöldi ára	Alls myndað
91	90	Tungufljót	10	29				2	39
92	91	Úlfarsá	54	39	30			10	333
93	92	Vatndalsá	1					3	38
94	93	Vesturdalsá	12	7				9	304
95	94	Víkurá						1	23
96	95	Ytri-Rangá	45	41				5	115
97	96	Þjórsá	102	113	95			7	892
98	97	Þorvaldsdalsá						1	6
99	98	Þórisvatn						1	2
100	99	Þverá Kjarrá	267	233	107	133		6	1201
101	100	Ölfusá	122					2	123
102	101	Ölfusvatnsá				30		1	30
103		Samtals	1951	2088	1167	937		391	23850
104									

5. mynd. Dæmi um notagildi lýsigagna. Gagnasafnið spannar tímabilið 1941-2015 og inniheldur eftirfarandi gögn : 23. 850 hreisturmyndir úr 101 vatnsfalli. Ath: gagnasafnið er aðeins að litlum hluta sýnilegt.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Eydís Njarðardóttir

7. Lagaskyldur

Til Veiðimálastofnunar berst árlega fjöldi óska um umsagnir. Um er að ræða lagabundnar umsagnir og umsagnir þar sem stofnunin hefur ekki lagaskyldur til umsagnar. Markmið umsagna er að gera stjórnsýslu og ákvarðanatöku betri og markvissari.

Í eftirtöldum lögum og reglugerðum eru ákvæði um umsagnarskyldu Veiðimálastofnunar (fjöldi innan sviga, tafla 15):

Lög; Lög um fiskeldi 2008 nr. 71 (5), lög um fiskrækt 2006 nr. 58 (3), lög um innflutning dýra 1990 nr. 54 (1), lög um lax- og silungsveiði 2006 nr. (20), lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu 1998 nr. 57 (2), lög um umhverfisábyrgð 2012 nr. 55 (1),

Reglugerðir; Reglugerð um fiskeldi. 1170/2015 (2), Reglugerð um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. 650/2006 (1).

Umsagnir eru í flestum tilfellum afgreiddar með bréfi til þess sem umsagnar óskar. Stofnunin heldur gagnaskrá um umsagnir og er hún aðgengileg innanhúss en aðrir hafa ekki aðgengi. Umsagnir eru almennt opnar og afgreiddar til þeirra sem þess óska. Flestar umsagnir Veiðimálastofnunar síðustu ára eru vegna framkvæmda. Þá eru umsagnir sem snúa að veiðinýtingu umfangsmiklar sem og fiskeldisumsagnir (tafla 14). Vegna framkvæmda eru umsagnir vegna efnistöku, vegaframkvæmda og þverunar áa, umfangsmestar. Í mörgum tilfellum krefjast þær umsagnir þess að gerð sé rannsókn á vettvangi. Virkjanir, smáar sem stórar, koma einnig til en þá er í flestum tilfellum um að ræða rannsóknir og skýrslugerð og eru þær ekki tilgreindar hér. Varðandi fiskrækt og veiðinýtingu taka umsagnir m.a. til nýtingar ófiskgengra svæða, fiskrækt með seiðasleppingum, fjölda veiðitækja (stanga og neta), lengd veiðitíma og veiðiþol stofna. Þar kemur að nýtingaráætlunum og fiskræktaráætlunum en þar er Veiðimálastofnun lögbundinn umsagnaraðili. Á síðustu árum hefur umsögnum um rekstrarleyfi til fiskeldis fjölgað í kjölfar aukinna áforma um fiskeldi auk endurnýjunar eldri rekstrarleyfa. Af fjölda umsagna sést að umtalsverð vinna fylgir umsögnum. Í mörgum tilfellum tekur stofnunin gjald fyrir umsagnir sem ekki eru lögbundnar og snúa þær flestar að framkvæmdum. Engin gjaldtaka er fyrir lögbundnar umsagnir.

Framtíðarsýn

Umsagnir Veiðimálastofnunar og gögn sem tengjast þeim eru nú vistaðar í gagnaskrá stofnunarinnar og eru aðgengilegar starfsmönnum hennar. Koma þyrfti á grunni þar sem umsagnir yrðu aðgengilegar gegnum internetið þeim sem þess óska líkt og er með útgefnar skýrslur stofnunarinnar.

Tafla 14. Flokkun umsagna sem gerðar hafa verið á Veiðimálastofnun síðustu ár.

	2015	2014	2013	2012	2011	2010
Framkvæmdir	50	27	47	23	24	43
Veiðinýting / fiskrækt	6	12	30	32	22	19
Stjórnvöld	1	4	4	5	7	11
Fiskeldi	3	14	9	16	11	9
Annað	3	6	6	4	3	3
	63	63	96	80	67	85

Tafla 15. Ákvæði í lögum og reglugerðum þar sem Veiðimálastofnun er umsagnaraðili.

Lög - reglugerðir	Grein nr.	Efni	Fjöldi umsagnar- ákvæða
Lög um fiskeldi 2008 nr. 71	5	Svæðaskipting fiskeldis	1
Lög um fiskeldi 2008 nr. 71	6	Staðbundið bann við starfsemi	1
Lög um fiskeldi 2008 nr. 71	7	Rekstrarleyfi til fiskeldis	1
Lög um fiskeldi 2008 nr. 71	12	Friðun svæða í sjó	1
Lög um fiskrækt 2006 nr. 58	4	Stjórnssýsla	1
Lög um fiskrækt 2006 nr. 58	6	Samþykkt fiskræktaráætlunar	1
Lög um fiskrækt 2006 nr. 58	10	Undanþága frá banni í 8. og 9. gr	1
Lög um lax- og silungsveiði 2006 nr. 61	11	Ófriðun sels	1
Lög um lax- og silungsveiði 2006 nr. 61	16	Takmarkanir á veiði sjávarfiska	1
Lög um lax- og silungsveiði 2006 nr. 61	17	Nýtingaráætlun, veiðitími lax	2
Lög um lax- og silungsveiði 2006 nr. 61	18	Nýtingaráætlun, veiðitími göngusilungs	2
Lög um lax- og silungsveiði 2006 nr. 61	19	Nýtingaráætlun, veiðitími vatnasilungs	1
Lög um lax- og silungsveiði 2006 nr. 61	20	Nýtingaráætlun, álaveiðar	1
Lög um lax- og silungsveiði 2006 nr. 61	21	Ósaveiðar	1
Lög um lax- og silungsveiði 2006 nr. 61	24	Svæðisbundin friðun lax og göngu- og vatnasilungs.	2
Lög um lax- og silungsveiði 2006 nr. 61	25	Eyðing fisks	1
Lög um lax- og silungsveiði 2006 nr. 61	27	Veiðarfæri og veiðiaðferðir í straumvatni	1
Lög um lax- og silungsveiði 2006 nr. 61	28	Fastar veiðivélar í straumvatni	3
Lög um lax- og silungsveiði 2006 nr. 61	29	Nýtingaráætlun, stangveiði í straumvatni	1
Lög um lax- og silungsveiði 2006 nr. 61	30	Veiðarfæri og veiðiaðferðir í stöðuvötnum	1
Lög um lax- og silungsveiði 2006 nr. 61	32	Reglugerðarheimild, veiðitæki, veiðiaðferðir	1
Lög um lax- og silungsveiði 2006 nr. 61	34	Fiskvegir	1
Lög um innflutning dýra 1990 nr. 54	2	Undanþága á innflutningsbanni	2
Lög um rannsóknir og nýtingu auðlinda úr jörðu 1998 nr.57	5	Rannsóknarleyfi	1
Lög um rannsóknir og nýtingu auðlinda úr jörðu 1998 nr.57	6	Leyfi til nýtingu auðlinda	1
Lög um umhverfisábyrgð 2012 nr. 55	12	Umhverfistjón og yfirvofandi hætta á umhverfistjóni	1
Reglugerð um fiskeldi 1170/2015	11	Rekstrarleyfi til fiskeldis	1
Reglugerð um fiskeldi 1170/2015	49	Merkingar eldislaxa	1
Reglugerð um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns 650/2006	12	Ræktunarframkvæmdir, vatnalífverur, fiskrækt	1
Samtals			36

Magnús Jóhannsson

8. Miðlun og menntun


Líkt og segir í 4. gr. laga um Veiðimálastofnun 59/2006 er hlutverk stofnunarinnar “að afla með grunnrannsóknnum alhliða þekkingar á nytjastofnum ferskvatns og lífríki þess og miðla upplýsingum þar um” og “að annast þróunarstarf og leiðbeiningar í veiðimálum og annarri nýtingu lífríki ferskvatns”. Sérfræðingar á Veiðimálastofnun hafa sinnt þessum lagalegu skyldum stofnunarinnar m.a. í samstarfi við veiðifélög víða um land, veitt þeim ráðgjöf varðandi sjálfbæra nýtingu veiðivatna. Miðlun upplýsinga um lífríki ferskvatns hefur ætíð verið drjúgur hluti starfsemi Veiðimálastofnunar þar sem sérfræðingar stofnunarinnar hafa kynnt niðurstöður rannsókna á lífríki ferskvatns í ræðu og riti. Á heimasíðu Veiðimálastofnunar má finna margvíslegan fróðleik um lífríki ferskvatns sem tekið hefur verið saman af sérfræðingum stofnunarinnar. Nýlega var gert átak í að skanna allar skýrslur sem gefnar hafa verið út á vegum Veiðimálastofnunar og þær gerðar aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar.

Miðlun þekkingar hefur sem fyrr segir verið ríkur þáttur í starfi Veiðimálastofnunar, þar er kennsla ekki undanskilin. Sérfræðingar Veiðimálastofnunar sinna kennslu við fjóra háskóla landsins, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Hólaskóla. Auk þess hefur allnokkur fjöldi nemenda í meistara- og doktorsnámi haft aðstöðu til að sinna rannsóknum á Veiðimálastofnun. Sérfræðingar stofnunarinnar hafa sinnt leiðbeiningu fjölda framhaldsnema sem skráðir hafa verið til náms við innlenda eða erlenda háskóla. Árið 2015 voru til að mynda 5 doktorsnemar og 9 meistaranemar undir handleiðslu sérfræðinga Veiðimálastofnunar.

Framtíðarsýn

Mikilvægt er að haldið verði áfram á sömu braut við miðlun þekkingar hvort heldur er til hagsmunaaðila, námsmanna, almennings eða vísindasamfélagsins. Miðlun þekkingar er svo nátengd frampróun í starfsemi stofnunarinnar. Því er mikilvægt að í framtíðinni verði haldið áfram að hlúa að þessum hluta starfsemi stofnunarinnar.

Jón S. Ólafsson



Veiðimálastofnun

Árleyni 22, 112 Reykjavík
Sími 580-6300 Símbréf 580-6301
www.veidimal.is veidimalastofnun@veidimal.is



Ásgarður, Hvanneyri
311 Borgarnes



Brekkugata 2
530 Hvammstangi



Austurvegur 3-5
800 Selfoss